

STAK-STEINAR

Reikningar Reykjavíkurborgar

Þjóðviljinn hefur látið liggja að því í leiðurum sínum undanfarna daga, að reikningar Reykjavíkurborgar fyrir árið 1974 sýni ljóslega, að fjármálastjórn Reykjavíkurborgar sé úr skorðum gengið. Rökstuðningur fyrir þessari fullyrðingu hefur þó verið heldur bágborinn. Óðaverðbólga, sem ríkt hefur í landinu undanfarin misseri, hefur að visu veikt fjárhafsstöðu sveitarfélaga almennt, skapað þeim mikla greiðsluferfiðleika, hægt á framkvæmdahraða þeirra og knúið þau til að fresta um sinn áður

áformuðum framkvæmdum. Reykjavíkurborg hefur hlotið sinn útmælda skammt af þessum erfiðleikum en reikningar borgarinnar fyrir árið 1974 sýna ótvírætt, að rétt og skynsamlega hefur verið brugðist við aðsteðjandi vanda og að fjármálastjórn borgarinnar er styrk og árangursrík.

Opinberar tölur sýna, að innlend verðbólga jókst um 54% á sl. ári. Byggingarvísitala hækkaði um 26,8% á árinu, úr 913 stigum í 1157 stig, sem reyndist ársmeðaltal byggingarvísitalu á liðnu ári. Að mati borgarhagfræðings varð rýrnun framkvæmda raunar enn meiri en þessar tölur gefa til kynna, eða um 32%, þar sem gengið var frá nýjum kjarasamningum, er fólu í sér miklar verðhækkningar, um það leyti er byggingarvísitala fyrir mánuðina marz-júní tók gildi, og höfðu nýju samningarnir engin áhrif á byggingarvísitöluna á því tímabili. Þrátt fyrir þessa þróun námu rekstrarútgjöld Reykjavíkurborgar á árinu 1974 aðeins 355,3 m.kr. umfram áætlun (sem gerð var í desember 1973), þ.e. 13% hækkan, sem er mun

minna en hin innlenda verðbólguaukning varð. Þessi þróun leiddi til þess að tekjuafgangur borgarinnar til framkvæmda og greiðslna reyndist um 280 m.kr. undir áætlun, sem að sjálfsögðu setti sitt mark á framkvæmdagetu hennar á árinu. Yfir þessari staðreynd þegir þjóðviljinn en leggur hinsvegar kapp á að tina til þær framkvæmdir, sem af þessum sökum þurfti að fresta. Öllum skynibornum mönnum má ljóst vera, að miðað við allar aðstæður og þróun verðlagsmála, hefur vel til tekið um stjórn borgarinnar. Samanburður við sambærilega aðila og stofnanir er Reykjavík raunar mjög í vil í þessu efni.

Órökstudd gagnrýni

Með framangreint í huga er ljóst, að gagnrýni þjóðviljans á fjármálastjórn Reykjavíkurborgar er bæði órökstudd og ómakleg. Sá efnahagsvandi, sem sett hefur mark sitt á fjárhag sveitarfélaga og stofnana í landinu, á m.a. rætur í jarðvegi, sem Alþýðubandalagið átti

sinn þátt í að gera ófrjófri en vera þurfti. Það var stefna þess flokks að gera sveitarfélögin fjárhagslega ósjálfsstæð og háðari miðstjórnarvaldi, sem þeir reru að valdaaðstöðu í. Það verður því verkefni nýrrar ríkisstjórnar að stuðla að bætti fjárhagsaðstöðu og aukinni framkvæmdagetu sveitarfélaganna á ný, eftir afleiðingar fyrri stjórnarstefnu.

Að staða borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins hefur verið hin neikvæða afstaða, sem reynir að gera sér mat úr aðsteðjandi efnahagsvanda, en forðast að leggja nokkuð jákvætt til mála. Þjóðviljinn hefur ekki komið fram með neina raunhæfa tillögu eða ábendingu í þessu efni, sem er á sinn hátt verðugur dómur um frammistöðu borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins. Neikvæð nöldurafstaða er ekki traustvekjandi og höfðar ekki til þess fólks, sem vill veg borgarinnar, og mál-efnalegar rökraður um hagsmuni þess fólks, er hana byggir. Þess vegna falla borgarmálaskrif þjóðviljans um sjálf sig, dauð og ómerk, og þjóna þeim einum tilgangi að auglýsa eigin málefnafátækt.

SÝNING Í SUNDABORG


Við sýnum alla daga frá 2—7 þessar amerísku kerrur



Einnig sýnum við margar tegundir af hjólhýsum og tjaldvögnum

Gísli Jónsson & Co. hf.

Sundaborg — Klettagarðar 11 sími 86644.



EF ÞAÐ ER FRÉTT-
NÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í
MORGUNBLAÐINU

Bragi Ásgeirsson:

Listasafn Íslands

Listasafn Íslands hefur stokkað upp myndir í sölu sínum og opnað sumarsýningu, þar sem íslensk myndlist er kynnt á allbreiðum grundvelli. Þá hefur það gerst í tilefni kvennaárs, að ein álma safnsins hefur algjörlaga verið lögð undir myndverk kvenna, eldri sem yngri. Hugmyndin er vel við eigandi, þótt sjálfsagt megi deila endalaust um, hvort rétt sé að einangra kynin á þennan hátt, einkum þar sem úrval það, sem safnið á af myndverkum kvenna, er í flestum tilvikum ekki fjölskrúðugt, þannig að óréttlátt væri að gera úttekt á stöðu kvenna í myndlist þjóðarinnar með hliðsjón af viðkomandi myndum, en hið sama má einnig segja á hinn veginn. — Sýningin sýnir þó gjörta, að við eigum margt frambærilegra listamanna af hinum fagra kynstofni og nokkrar ótvírætt á alþjóðamælikvarða, og þær hafa komið víða við og ekki einangrað sig við það, sem talist hefur til hinna kvenlegri greina innan myndlistar. Íslendingar hafa jafnan átt nokkuð af stórhuga valkyrjum, svo sem sagan er til vitnis um, og þær hafa framar öðru verið miklir einstaklingar og þá lítið eða ekkert gefið karlmönnum eftir og raunar oftlega haft yfirburði yfir þá sökum kvenleika síns.

Flestir munu vita, hvern þátt konan átti í því að halda uppi merki listræns handbragðs á mestu niðurlægningartímum þjóðarinnar og sjá þannig um að halda uppi merki sjónmennta í landinu og stuðla þar með að því, að þráðurinn rofnaði aldrei. Fyrir þá sök eina hefði verið ástæða til að koma upp yfirgripsmikilli sýningu á hlutverki og stöðu konunnar í íslenskri myndmennt um aldir á kvennaárinu.

En framtak Listasafnsins er allrar virðingar vert og víst er, að það verður að sníða sér stakk eftir vexti. Þannig mætti óhik-

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON


að ætla, að sýningin hefði orðið veglegri, væri safnið í eigin húsakynnum og væru framlög til þess í samræmi við brýnustu þörf.

Eg vil skjóta hér að þeirri fyrirspurn til ráðamanna, hve lengi þetta ástand eigi að vara varðandi mál safnsins? Framlög til viðbótarinnkaupa eru svo naum, að ætla má, að menn áliti, að málverk hafi ekki hækkað í verði síðan fyrir síðustu heimsstyrjöld. Allavega eru þau margfalt of lág og nauðsynlegt er, að til sé sérstakur varasjóður, sem hægt sé að grípa til, ef safninu þjóðast óvænt kostakaup á sigildum

listaverkum. Og hvað liður byggingarmálum safnsins? Eru Íslendingar að biða eftir því, að Færeyingar ljúki við listasafn og stofni sinn listaháskóla til að geta sótt fyrirmyndina til þessara dugmiklu frænda vorra? Eða munu Íslendingar láta sér þægja að geta stáð af yfirburðum sínum gagnvart þessari þjóð í fótamennt?

Eg leyfi mér að auglýsa eftir svolitlu stolti meðal landa minna varðandi þessi mál, einkum þeirra er hafa þessi mál í hendi sér og þeirra, er beitt geta áhrifum sínum.

Svo víkið sé að upphengingu safnsins, er hún með hressilegasta móti, bæði hvað sýninguna á list kvenna snertir svo og safnið í heild og er rík ástæða til, að listskoðendur fjölmenni í húsakynni safnsins, kynni sér hlut kvenna í íslenskri nútímalist, svo og annað sem safnið hefur upp á að bjóða.



Yfirlitsmynd frá sýningu safnsins.

Frábært úrval 11 tegundir



- 1 MUTENYE
- 2 ASKUR
- 3 EIK
- 4 EIK 3
- 5 EIK RUSTICAL
- 6 MERBAU
- 7 ACACIA
- 8 PANGA PANGA
- 9 BELINGA
- 10 FURA
- 11 IROKO/KAMBALA

PARKETT

á gólfid — hvað annað?

BOEN
PARKETT



OKKAR BOÐ — YKKAR STÖÐ
Innréttingaval hf.

Sundaborg — Reykjavík — Sími 84660